

Málþing um Dr. Stefán Einarsson málvísindamann og Breiðdæling

Laugardaginn 11. júní 2011 - Breiðdalssetri

Um erindin:

Páll

Rætur Stefáns Einarssonar í Breiðdal og ræktarsemi hans við byggðarlagið

.
. .

Vésteinn

Bókmenntarannsóknir Stefáns Einarssonar

Þótt sérmenntun Stefáns Einarssonar væri á sviði málvísinda skrifaði hann mikið um bókmenntir, þ.á. m um samtímahöfunda sem fátt hafði verið skrifað um áður, en einnig um bókmenntir frá fyrri öldum, og í bókmenntasögu sinni, sem birtist bæði á ensku og íslensku, gefur hann yfirlit yfir íslenskar bókmenntir frá upphafi fram yfir miðja tuttugustu öld. Í erindinu verður gerð grein fyrir viðfangsefnum Stefáns og aðferðum.

Svavar

Málfræðistörf Stefáns Einarssonar og örnefnasöfnun hans á Austurlandi

Stefán var frumkvöðull hér á landi að rannsóknnum á íslenskri hljóðfræði og skrifaði um mismunandi framburð eftir landshlutum. Þá skrifaði hann einnig um kerfisbundnar hljóðbreytingar í íslensku. Hann safnaði örnefnum í mörgum hreppum á Austurlandi fyrstur manna og skrifaði greinar um ýmis þeirra.

Smári

Kynning á þjóðlagasöfnun Stefáns Einarssonar

Stefán var sá fyrsti til að taka upp þjóðfræðilegt efni á segulband hér á landi. Upptökurnar hans voru annars vegar gerðar í septembermánuði árið 1954 í skrifstofu kaupfélagsstjórans í Gamla Kaupfélaginu sem nú hýsir Breiðdalssetur og hins vegar árið 1957 í Suðursveit. Spiluð verða hljóðdæmi frá þessum upptökum.